

REGLUGERÐ

um breytingu (3) á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Aftan við 12. mgr. 114. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, um kennslugreinar, prófgráður og námseiningar í félagsvísindadeild, koma tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

M.Ed. nám í uppeldis- og menntunarfræði er 45 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið samanstendur af 30 einingum í námskeiðum og 15 eininga lokaritgerð.

Dipl.Ed. nám er 15 eininga sjálfstætt nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaraþrófsnám í uppeldis- og menntunarfræði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. febrúar 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Blönduóssbæ.

1. gr.

Eigendur katta í Blönduóssbæ skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Blönduóssbæ nr. 777/2000, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 500.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss með vísan í samþykkt um kattahald í Blönduóssbæ nr. 777/2000 frá 20. október 2000, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Blönduósi, 27. febrúar 2001.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.